

## **Bæjarstjórnarfundur unga fólksins 2020 – efling listsköpunar á Akranesi.**

Bæjarstjóri, ágætu bæjarfulltrúar og aðrir sem hlýða á. Ég ætla að fjalla um eflingu listsköpunar á Akranesi og húsnæði fyrir ungt fólk til að byrja og koma sér á framfæri í skapandi listgreinum.

Það hefur lengi vantað aðstöðu utan skólasterfs fyrir ungt fólk í skapandi listgreinum. Til dæmis má nefna myndlist, tónlist, kvikmyndagreinar, leiklist o.s.frv. Þetta er mikilvægt til þess að það rætist úr ungu fólki á Akranesi sem hefur áhuga á list almennt. Ég veit að bæjarstjórnin á að hafa mikinn áhuga á þessu þar sem stefna í menningarmálum hjá Akraneskaupstað bendir einmitt á þetta. Til að það rætist úr þessum einstaklingum þarf auðvitað aðstöðu til að skapa, framkvæma, læra og koma sér á framfæri. Í könnuninni sem tekinn var fyrir þennan fund voru fjöldi ungmenna sem bendi á ýmis námskeið, t.d. fyrir myndlist, leiklist og listsköpun almennt.

Ef við tökum myndlist sem dæmi þá er það auðvitað spurningin, „getur fólk ekki bara gert myndlist heima hjá sér“. Jú auðvitað getur fólk gert myndlist heima hjá sér. En hvernig verður félagslegi parturinn hjá þessum ungmönnum? Verða þessir einstaklingar innilokaðir? Hvað ef margir myndlistamenn kæmu saman og sköpuðu list? Verður ekki meiri stemning þá? Væri þá ekki hægt að deila saman hugmyndum, fá álit annarra og skemmta sér með þeim sem hafa sama áhugamál og þú? Þetta getur líka hjálpað heilmikið með andlegan líðan ungmenna.

Mikilvægi þess að tækifæri til listsköpunar eigi sér stað á Akranesi felst meðal annars í því hvernig ungu fólki líður almennt. Sum ungmenni hafa til dæmis ekki áhuga á skipulögðu íþróttastarfi og er því mikilvægt að þeir einstaklingar hafi tækifæri á því að gera eitthvað sem þeir hafa áhuga á. Oft hafa þessi ungmenni áhuga á listtengdu starfi. Hvað getum við þá gert sem Sveitarfélag til þess að ýta undir svona starf?

Á 1275. Fundi bæjarstjórnar þann 22. Maí 2018 var menningarstefna Akraneskaupstaðar samþykkt og í henni stendur að Akraneskaupstaður vinni markvisst að menningaruppeldi barna og ungmenna svo að menning og listsköpun verði sjálfsagður og eðlilegur þáttur í lífi þeirra. Nú teljum við tími til kominn til að standa við stóru orðinn og hjálpa okkur í þessum efnum. Í stefnunni stendur einnig að Akraneskaupstaður Styðji við aðila sem vilja koma í framkvæmd verkefnum sem tengjast menningu og listmenntun fyrir börn og ungmenni. Síðast en ekki síst var að Auka samtal um menningartengd málefni á

vettvangi barna og ungmenna t.d. á fundum bæjarstjórnar unga fólksins og ungmennaráðs sem við erum að gera núna.

Húsnæði er auðvitað fyrsta áhyggjuefni í þessu máli en þar sem nokkur húsnæði á Akranesi koma til greina væri hægt að nýta plássið þar í listsköpun. HB Grandi var fluttur frá Akranesi árið 2017 og hefur Breið Þróunarfélag verið með starfsemi í hluta af húsnæðinu sem. Þar sem ekki er verið að nýta allt plássið er tilvalið að nýta það til fulls eða allavega gefa færi á því. Þá er hægt að skapa umhverfi fyrir listsköpun á Akranesi þar sem Hljómsveitir, myndlistamenn og áhugamenn um kvikmyndir og raftónlist geta spreytt sig. Að sjálfsögðu er húsnæði ekki allt sem þarf en það sem stoppar marga í dag að nýta hæfileika sína og skapa eitthvað er aðstaða til húsnæðis og svo tækjabúnaður og kennsla til þess. Einnig er þetta frábær kostur fyrir Vökudaga sem eru haldnir árlega og getur þetta haft áhrif á mikla stækkun þeirrar hátíðar.

Á Akureyri er ungmennahúsið í Rósenborg og er þar mjög fjölbreytt starfsemi þar sem þau hafa sitt eigið húsnæði og þess vegna ráðstafað húsinu eins og ungmennahúsið vill hafa það. Það er til dæmis ekki hægt við Þjóðbraut 13 þar sem Krakkadalur og Arnardalur hafa líka aðstöðu þar. Í ungmennahúsinu þar er upplýsinga og menningarmiðstöð þar sem er mikil sameining félagslífs og menningarlegrar listsköpunar sem er tilvalið að hafa á sama stað. Einnig eru þau með hljóðvers- og upptökustúdíó þar sem hljómsveitir og fyrir alla þá sem vilja stunda tónlist að kostnaðarlausu. Einnig eru þau með æfingaraðstöðu fyrir hljómsveitir. Þar að auki eru þau með fullbúinn viðburðarsal þar sem hægt er að halda t.d. leiklistaræfingar og halda alls konar viðburði. Þarna getur komið fólk, ýmist foreldrar eða ungmenni sem eiga í einhverjum vanda og þar eru starfsmenn sem hjálpa þessum einstaklingum að kostnaðarlausu að finna útlausnir fyrir þessa einstaklinga. Einnig eru þau með opna ráðgjöf svo sem fyrirlestra og kynningar fyrir ungmenni. Svo eru haldin alls kyns námskeið fyrir ungmenni o.s.frv.

Þetta ungmennahús er svo sannarlega hægt að taka til fyrirmyndar og er fjölmargt sem ég nefni hérna í dag í þessu ungmennahúsi.

Auðvitað verðum við að taka tillit til þess að Akureyrarbær er töluvert stærra sveitarfélag en Akranes en það er samt gott að skoða hvað aðrir eru að gera og skoða hvað við getum gert betur.

Á Austurlandi er listahópurinn Laust. Ekki ætla ég að fara mjög ýtarlega í það en þau starfa í skapandi sumarstörfum á vegum Fjarðarbyggðar og Fljótsdalshéraði. Þar er einmitt tækifæri til að tengja listsköpun við vinnuskólann.

Það er svo margt hægt að gera og gæti ég haldið endalaust áfram að fræða ykkur um það sem gert er í öðrum landshlutum og bæjarfélögum.

Til þess að staðfesta að þetta virki höfum við félagarnir í Skullcrusher fengið flotta aðstöðu í kjallara Landsbankahúsnæðisins. Við höfum þar samið 8 lög og tekið upp fimm af þeim og ætlum svo að gefa út plötu eftir að við höfum tekið þátt í músíktíraunum.

Þetta er framkvæmanlegt ef viljinn er fyrir hendi, er ég viss um að ungmennaráðið hjálpi til við uppbyggingu í húsnæðinu ef grænt ljós kemur frá Bæjarstjórn. Við höldum að þetta muni stórefla ungmenni á Akranesi og verður framtíðinn björt í þeim efnum.

Vandamál og lausnir ungmennahúsa á Akranesi tengt listsköpun.

Mig langar að gera smá framhald á ræðunni hans Guðjóns og hefur hann nú rætt gífurlega mikilvægi ungmennahúsa og ætla ég að fara í vandamál aðstöðu og hugmyndir og framkvæmdir sem geta leyst þann vanda.

Það er nokkuð ljóst að starfsemi sem er ætluð fyrir börn og ungmenni á efri hæð Þjóðbrautar 13 er sprunginn þar sem starfsemi þar er gífurleg sem er að sjálfsögðu jákvætt. Þar sem aðstaða er notuð fyrir Krakkadal á daginn, Arnardal á kvöldin þrisvar í viku og Hvíta húsið tvisvar í viku. Þá er það nokkuð ljóst að tækifæri eflingar á opnunartímum er ekki til staðar þar sem húsið er fullnýtt til aðstöðu fyrir þessa aldursflokka. Með því að færa ungmennahúsið af Þjóðbraut 13 myndast miklir möguleikar fyrir bæði Hvíta húsið og Arnardal þar sem báðir aðilar geta stækkað starfsemi sína og haft félagsstörfin opin oftar og mögulega lengur.

Auðvitað gerum við okkur grein fyrir því að starfsmenn eða eftirlitsmenn þarf með þessum húsum og kostar allt pening. En andleg heilsa ungmenna er öryggisatriði og því koma fjármagn ekki í stað. Ekki er svo endilega víst að eftirlitsmenn þurfi í ungmennahús þar sem einstaklingar þar eru 16 ára og eldri og eiga þeir einstaklingar að vera með nægan þroska til þess að fara ekki að gera einhverja vitleysu.

Þá vantar auðvitað lausnina við þessu vandamáli og er það stóri parturinn. Við getum ekki neitað því að það eru ýmiss tækifæri í okkar bæjarfélagi. Þar sem ég fylgdist með síðasta fundi bæjarstjórnar kom í ljós að viðræður voru um skipulag á reitnum sem er á milli Dalbrautar og Þjóðbrautar. Ekki ætla ég að gera athugasemd við málefni fundarins en ég treysti því að bæjarstjórn taki réttar ákvarðanir og að fjöliðjan standi á sínum stað næstu 50 árin. En þar sem ekki er byrjað að skipuleggja reitinn þar sem N1 hefur verið með starfsemi sína er tilvalið að nýta tækifærið og koma með hugmyndir varðandi það. Það mætti segja að þessi reitur sé í miðju bæjarins og er þá spurning hvaða starfsemi er gott að hafa þar.

Einnig er gott að hafa þessa starfsemina þarna þar sem skrifstofa æskulýðs- og forvarnarmála sem sér um félagsstarf á Akranesi er við hlið þessa reits og er auðvitað þægilegast að hafa sömu starfsemi á sama svæði.

Þannig er tilvalið gera ráð fyrir húsnæði fyrir félagsstarf á hluta af þessum reit. Að sjálfsögðu er alveg hægt að finna önnur húsnæði hér á Akranesi en þá verður finna þau og nota þau.

Í kringum allt þetta efni er ábyrgðin auðvitað ekki einhliða hjá bæjarstjórninni því að ungmenni þurfa að hafa frumkvæði af þessum efnum og við munum fara lengra með þetta. En til þess þurfum við ykkar stuðning. Takk fyrir.